

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**900. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 14. mars 2016 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Fundinn sátu:**

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

**Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

**Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir.

**Afgreiðslur:**

1. **Rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs Skúli Húnn Hilmarsson mætir á fund byggðarráðs.** Farið yfir helstu verkefni framkvæmdasviðs. Unnið við undirbúning á áframhaldandi hitaveituf framkvæmdum, viðhald á dæluhúsi á Laugarbakka undirbúið, uppsetningu orkuígildismæla, undirbúningur viðhalds í grunnskóla og íþróttamiðstöð ofl.
2. **1603031 Lögð fram umsókn Reykjahöfða ehf. dags 11. mars sl. um lóð** við Norðurbraut, neðan sláturhúss fyrir gistiheimili. Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir að unnin verði skipulagslýsing fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir Húnaþing vestra 2014-2026 skv. 30.gr skipulagslaga. Breytingin er á svæði austan Norðurbrautar á mótis við sláturhúslóðina. Breytingin felur í sér að hluti af opinu svæði er breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Ennfremur er samþykkt að gerð verði breyting á deiliskipulagi fyrir svæðið austan Norðurbrautar skv. 43. gr., sem verður auglýst samhliða breytingu á aðalskipulaginu.
3. **1603010 Lagt fram boð á XXX. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga** sem haldið verður á Grand hóteli í Reykjavík þann 8. apríl nk.
4. **1603021 Lögð fram til kynningar fundargerð Hafnarsambands Íslands** frá 24. febrúar sl.
5. **Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
  - a) 1603022 fundargerð 835. fundar frá 29. janúar sl.
  - b) 1603023 fundargerð 836. fundar frá 26. febrúar sl.
6. **1603024 Lagt fram tölvubréf frá SSNV,** frá 25. febrúar sl. þar sem Atvinnuþróunarfélögin í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra boða fulltrúa sveitarfélaganna á Norðurlandi til fundar með Landsneti þriðjudaginn 15. mars nk. á

Akureyri. Samþykkt að sveitarstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs verði fulltrúar Húnaþings vestra á fundinum.

7. **1603025 Lagt fram tölvubréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga** dags. 4. mars sl. þar sem kynnt er námsferð sem Sambandið stendur fyrir til Svíþjóðar 29. ágúst til 1. september nk. til kynningar á íbúalýðræði.
8. **1603027 Lagt fram tölvubréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 25. febrúar sl.** boð á málþing og námskeið „Jafnrétti í sveitarfélögum“ sem haldið verður á Grand hóteli í Reykjavík 31. mars og 1. apríl nk.
9. **1603026 Lagt fram tölvubréf frá Ferðamálastofu** dags. 3. mars sl. boð á fund vegna þróunarverkefnis um endurskoðun upplýsingaveitu til ferðamanna, sem haldinn verður í Selasetri Íslands miðvikudaginn 16. mars nk. kl 10:00
10. **1603028 Lögð fram drög að samkomulagi við Eldvarnarbandalagið** um auknar eldvarnir í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að undirrita samkomulagið.
11. **1603011 Lagt fram bréf deildarstjóra Glerárskóla, Elínu E. Magnúsdóttur** dags. 3. mars sl. þar sem lýst er áhyggjum vegna kostnaðar við dvöl nemenda í skólabúðunum að Reykjum og þeirri hækkun sem orðið hefur á síðustu árum. Bygðarráð vísar erindinu til fræðsluráðs.
12. **1603029 Lögð fram beiðni frá Sýslumanninum á Norður landi vestra** um afskrift útsvars að upphæð kr. 3.085.040 ásamt dráttarvöxtum. Bygðarráð samþykkir afskriftarbeiðnina.
13. **1603032 Lögð fram umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags.** Bygðarráð samþykkir beiðnina, þar sem lögheimilissveitarfélag hefur samþykkt að greiða kostnað sem til fellur.

Samþykkt að taka á dagskrá:

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 17:26

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

---

Elín R. Líndal

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir